



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

547. stjórnarfundur 10. september 2020 kl. 18:00

Mættir:

Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson, Birgir Már Bragason, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir, Björg Hafsteinsdóttir og Sveinbjörg Sigurðardóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Afrit af bréfi knattspyrnudeildar til Hafþórs Barða Birgissonar, íþrótt- og tómstundafulltrúa Reykjanesbæjar, vegna tíma í Sporthúsinu.

Bréf frá ÍSÍ um tilkynningu á greiðslum vegna sértæks styrks vegna Covid 19 til deilda innan Keflavíkur.

Tölvupóstur frá Símanum varðandi breytingar á streng, verið að hætta með koparinn.

Tölvupóstur frá ÍSÍ, íþróttavika Evrópu 23. – 30. september 2020.

Fréttatilkynning frá Reykjanesbæ vegna verkefnisins Allir með.

Bréf frá UMÍ, Ungt fólk og lýðræði verður 17. september 2020. Verður einn dag í stað þriggja.

Bréf frá Sessor, ráðgjöf í upplýsingatæknimálum.

Bréf frá knattspyrnudeild vegna skiptingu á neyðarstyrk frá Reykjanesbæ.

3. Send bréf

Ýmir tölvupóstar áframsendir á deildir félagsins.

Bréf til Landsbanka Íslands, Keflavíkur útibú, vegna lokunar á yfirdrætti körfuknattleiksdeildar.

Bréf sent á deildir félagsins varðandi skil á greinum í jólablaðið 2020.

Bréf sent á Íþrótt- og tómstundaráð Reykjanesbæjar vegna óskar um niðurfellingu á fasteignagjöldum á Hringbraut 108 230 Keflavík.

Bréf til knattspyrnudeildar með svari um skiptingu á neyðarstyrk Reykjanesbæjar.

4. Verkefnið Allir með

Fimmtudaginn 3. september undirritaði Einar framkvæmdastjóri samning við Reykjanesbæ vegna verkefnisins „Allir með“. Föstudaginn 4. september var gerður samningur við Alpha Gym sem sér um gerð örmyndbanda sem tengjast verkefninu.

5. Heimasíða Keflavíkur

Einar framkvæmdastjóri undirritaði samning við Dacoda vegna gerðar á nýrri heimasíðu á grundvelli tilboðs sem kynnt var stjórn félagsins á síðasta fundi.

6. Úthlutun á neyðarstyrk Reykjanesbæjar til deilda

Búið er að greiða til deilda neyðarstyrk frá Reykjanesbæ sem var fjórtán milljónir.

Úthlutað var samkvæmt ákvörðun aðalstjórnar. Knattspyrnudeild og unglingaráð,

körfuknattleiksdeild og unglingaráð, fimleikadeild og sunddeild fengu af þessum neyðarstyrk.

7. Úthlutun á sértækum styrk frá ÍSÍ vegna Covid 19

ÍSÍ hefur ákveðið skiptingu og greitt til aðalstjórnar það sem kom í hlut deilda innan Keflavíkur og er framkvæmdastjóri búinn að millifæra peninginn inn á reikninga viðkomandi deilda.

8. Jólblaðið 2020

Jólblað Keflavíkur kemur út í byrjun desember og var ákveðið hver yrði í opnuviðtali.

9. Önnur mál

Einar undirritaði nýjan þjónustusamning við Greiðslumiðlun vegna Nóra skráningarkerfisins. Gunnlaug Olsen frá körfuknattleiksdeild kynnti stöðu deildarinnar. Hugmyndir um miðasölubás og verslun í aðalinngangi frá knattspyrnu- og körfuknattleiksdeild. Aðalstjórn samþykkti að skoða framkvæmdir.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 24. september 2020

Fundi slitið kl. 20:10

Fundinn ritaði Eva Björk